



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 7. mars 2019
1903003HS SG

Efni: Svínhagi - Umsögn um deiliskipulagslýsingu

Þann 27. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um kynningu á deiliskipulags- og matslýsingu fyrir Svínhaga á Rangárvöllum í Rangárþingi ytra.

Um er að ræða verslunar og þjónustureit (VP29) 5 ha að stærð sem staðsettur er á hluta jarðarinnar Svínhaga í Rangárþingi ytra. Sá hluti jarðarinnar sem um ræðir er um 157 ha að stærð og er sunnan Þingskálavegar við svokallaða Vestur-Króka sem liggja á milli Austurkróka og Krókaharuns á jörðinni Svínhaga. Fyrirhugað er að byggja upp ferðapjónustu á svæðinu. Áformað er að innan deiliskipulagsreitsins verði reist 20-25 gistihús sem hvert um sig er um 70 m² að stærð og rúma 2-4 manns í gistingu. Einnig gert ráð fyrir miðlægu þjónustuhúsi sem getur orðið allt að 600 m² að stærð. Til greina komið að byggja upp baðlaugar og nýta hraun og vatn á sem náttúrulegastan máta út frá beðmenningu Íslendinga. Landnotkun er í samræmi við endurskoðað Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2018 sem er í vinnslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir við lýsinguna sem slíka en áskilur sér rétt til athugasemda á seinni stigum ef tilefni er til. Bent er á að tryggja þarf nægilegt neysluvatn fyrir starfsemina. Einnig er bent á að baðlaugar í rekstri eru starfsleyfis skyldar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og m.a. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni þar sem kröfur til rekstraraðila koma fram sem miða að því að tryggja hollustuhætti og öryggisþætti með hagsmuni gesta að leiðarljósi sem sækja slíka staði. Jafnframt er gistipjónusta starfsleyfis skyld skv. ofangreindum lögum nr. 7/1998 auk sem hún er rekstrarleyfis skyld á grundvelli laga nr. 85/2007 og tilheyrandi reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri